

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

69. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna Félags grunnskólakennara var haldinn þriðjudaginn 30. maí 2017 í Borgartúni 30 og hófst hann kl. 12:00

Fundinn sátu: Ólafur Loftson og Guðbjörg Ragnarsdóttir frá FG. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri kjarasviðs sambandsins kom inn á fundinn undir dagskrárliðum 1 og 2.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Bókun 2 í kjarasamningi FG og SNS frá 1. desember 2016 - 1705053SA

Aðilar eru sammála um að setja málið í það ferli að hvor aðili um sig fjalli um málið á sínum vettvangi þ.e. innan Sambands Íslenskra sveitarfélaga með aðkomu Reykjavíkurborgar og hjá Félagi grunnskólakennara. Þar verða lagðar línurnar um áherslur í viðræðum við menntamálayfirvöld í samræmi við bókun 2. Í kjölfarið fari fram sameiginlegur vinnufundur aðila þar sem þessar áherslur verða ræddar og málinu fundinn farvegur t.d. í gegnum samráðshóp.

2. Úrvinnsla samstarfsnefndar á lokaskýrslum sveitarfélaga vegna bókar 1 - 1701067SA

Málið rætt og ýmsar hugmyndir reifaðar um úrvinnslu á lokaskýrslum sveitarfélaga. Nú hafa gögn borist frá 12 sveitarfélögum. Samstarfsnefnd er sammála um að nefndin fari sjálf í frekari úrvinnslu á þeim gögnum sem berast frá sveitarfélögunum. Stefnt er að því að taka frá einn dag í júní til að vinna þá grunnvinnu sem þarf til og skoða möguleika þess að fá til liðs við nefndina aðila sem yrði nefndinni til aðstoðar.

3. Ákvörðun sveitarfélags um að taka veikindavottorð ekki gilt - 1703032SA

Í ljósi framkominna gagna er málinu vísað til afgreiðslu í sveitarfélaginu.

Aðilar eru sammála um að almennt skuli ekki vikið frá þeim ákvæðum í kjarasamningi að starfsmaður skuli þegar tilkynna yfirmanni sínum veikindi eða slys eins og ráð er fyrir skv. grein 13.2.1.1 í kjarasamningi aðila. Þá ber starfsmanni að skila læknavottorði svo fljótt sem verða má ef veikindi standa lengur en 5 daga samfleytt eða samkvæmt ósk vinnuveitanda samkvæmt 13.2.1.2.

Það er á ábyrgð vinnuveitanda, þegar hann tekur á móti veikindavottorðum, að gera strax athugasemdir við það ef hann telur að starfsmaðurinn hafi ekki farið eftir settum reglum um tilkynningu veikinda og framlagningu vottorða.

4. Hvernig ber að greiða kennara fyrir ferð sem farin er erlendis með nemendur og stendur yfir í fimm daga og fjórar nætur - 1705052SA

Erindi barst samstarfsnefnd þar sem spurt er hvernig greiða skal fyrir ferðlag með nemendum þar sem eftirfarandi forsendur liggja til grundvallar:

Lagt var af stað í flug kl. 03.00 mánudaginn 24. apríl (að nóttu til). Komið var til baka á heimleið inn í flugstöðina kl. 24:00 föstudaginn 28. apríl og að starfsstöð kl. 01.00 þann 25. apríl.

Niðurstaða:

Miðað við ofangreinda lýsingu er um að ræða sex ferðadaga og fjórar nætur sem samkvæmt grein 2.3.9 gera samtals 40 klst. í yfirvinnu.

5. Framkvæmd bóknar 1 hjá Akureyrarbæ - 1705001SA

Málið rætt. Afgreiðslu frestað þar til öll gögn hafa borist samstarfsnefnd.

6. Hvaða nám fellur undir 30 ECTS eininga sérhæft viðbótarnám samkvæmt grein 1.3.2 um viðbótarlaunaflokka vegna prófa og leyfisbréfa - 1705054SA

Niðurstaða:

Málið rætt, afgreiðslu frestað.

7. Tilkynning og skráning veikinda starfsmanna - 1705035SA

Málið lítur að því hvort sveitarfélagi er heimilt að láta veikindaskráningu og móttöku veikindatilkynninga fara í gegnum fyrirtækið Vinnuvernd og að auki í gegnum næsta yfirmann/vinnustaðinn.

Niðurstaða:

Málið rætt afgreiðslu frestað

8. Óskir um fresti vegna skila á lokaskýrslum og umbótaáætlunum vegna bóknar 1 - 1701067SA

Nokkur sveitarfélög hafa óskað eftir frest til að skila umbótaáætlunum og lokaskýrslu á tímabilinu 5. til 16. júní n.k. Samstarfsnefnd lítur svo á að það ætti ekki að valda miklum tögum á úrvinnslu nefndarinnar að heimila frest þar sem þörf reynist til. Sveitarfélög skulu skila lokaskýrslum og umbótaáætlunum í síðasta lagi þann 16. júní n.k.

9. Önnur mál

Farið yfir nokkrar fyrirspurnir sem borist hafa FG vegna greinar 2.3.9 um ferðalög með nemendum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:00